

Efni: Sólvangur

Nýtt hjúkrunarheimili að Sólvangi

Nýtt 60 rýma hjúkrunarheimili að Sólvangi var opnað sumarið 2019 og leysir það af hólmi gamla Sólvang. Á gamla heimilinu voru 59 rými þannig að fjölgun varð um eitt rými með tilkomu nýja heimilisins. Nýja heimilið var byggt samkvæmt svokallaðri leiguleið sem fólst í því að Hafnarfjarðarbær tók að sér á grundvelli samnings við velferðarráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti, hönnun og byggingu hjúkrunarheimilisins. Verkið var á ábyrgð sveitarfélagsins sem annaðist fjármögnun þess. Á móti greiðir ríkið húsaleigu til 40 ára sem svarar til 85% stofnkostnaðar en sveitarfélagið lagði til 15%. Hlutur ríkissjóðs er fjármagnaður úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Hafnarfjarðarbær og velferðarráðuneytið gerðu með sér samning um byggingu hjúkrunarheimilisins sem undirritaður var 27. október 2016. Þar segir m.a.: „*Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) munu auglýsa eftir rekstraraðila fyrir hjúkrunarheimilið tólf mánuðum áður en verklok eru fyrirhuguð.*“ SÍ gerði samning við Sóltún öldrunarþjónustu um rekstur heimilisins. Hafnarfjarðarbær gerði jafnframt samning við Sóltún um rekstur almennrar dagdvalar sem hefur verið rekin á jarðhæð gamla Sólvangs til nokkurra ára.

Fjölgun hjúkrunarrýma á gamla Sólvangi

Hafnarfjarðarbær óskaði eftir fjölgun hjúkrunarrýma í gamla Sólvangshúsinu í framhaldi af því að nýtt hjúkrunarheimili væri tekið í notkun. Í bréfi frá heilbrigðisráðuneytinu dagsett 3. október 2018 heimilar ráðuneytið rekstur allt að 33 nýrra hjúkrunarrýma í húsinu eftir að endurbætur hafa verið gerðar á húsnæðinu.

Biðrými á gamla Sólvangi

Erindi barst frá heilbrigðisráðuneytinu þann 23. janúar 2019 þess efnis að sveitarfélagið léti ráðuneytinu eftir gamla Sólvang tímabundið fyrir hjúkrunarrými á meðan verið væri að ljúka framkvæmdum við nýtt hjúkrunarheimili að Sléttuvegi í Reykjavík. Sveitarfélagið veitti leyfið og hefur sl. ár verið rekin 38 hjúkrunarrými í gamla húsinu. Ríkið samdi við Sóltún öldrunarþjónustu um rekstur rýmanna. Tekið skal fram að ekki hefur verið gerð krafa af hendi sveitarfélagsins um leigugreiðslur vegna húsnæðisins. Fyrirhugað er að íbúarnir 38 sem nú búa í gamla Sólvangshúsinu flytji á Sléttuveg um næstu mánaðarmót þ.e.a.s. febrúar/mars 2020.

Sérhæfð dagdvalarrými

Ráðuneytið hefur veitt Hafnarfjarðarbæ heimild til reksturs 12 sérhæfðra dagdvalarrýma fyrir fólk með heilabilun. Tekin hefur verið ákvörðun um að rekstur rýmanna verði á jarðhæð

gamla Sólvangs og stefnt að því að sá rekstur verði samþættur rekstri almennu dagdvalarinnar.

Framkvæmdasjóður aldraðra

Hafnarfjarðarbær hefur þrisvar sinnum fengið úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra vegna framkvæmda við Sólvang. 2017 var úthlutunin 22.127.969 kr. til endurbóta á aðgengi og aðstöðu fyrir dagdvöl og þjónustumiðstöð, Hafnarfjarðarbær hefur lokið vinnu við þessa framkvæmd. Árið 2018 var framlagið 239.785.920 kr. til að breyta fjölbýlum í einbýli og til viðhalds og endurbóta en um er að ræða 40% af áætluðum kostnaði. Hafnarfjarðarbær hefur fengið kr. 79.928.640 kr, vegna þeirrar framkvæmda. Búið er að forhanna 33 hjúkrunarrými á 3 hæðum eldri Sólvangs. Árið 2019 var framlagið 48.959.381 kr. til að fjölga dagdvalarrýmum og bæta aðstöðu á Sólvangi, Hafnarfjarðarbær hefur fengið greitt 16.319.794 kr vegna þeirra framkvæmda og eru þær framkvæmdir í gangi.

Núverandi staða

Fulltrúar Hafnarfjarðarbæjar fóru á fund heilbrigðisráðuneytisins í október 2019 og var óskað svara annars vegar við því hvort hægt væri að halda áfram með rekstrarform leiguleiðarinnar fyrir ný 33 rými sem bætast við á gamla Sólvangi. Hins vegar var óskað svara við því hvort hægt væri að skipta yfir í 85%/15% kostnaðarleiðina með framkvæmdir húsinu og skila þá framlaginu frá Framkvæmdasjóði aldraðra.

Svar barst þann 4. desember frá ráðuneytinu þar sem segir m.a. „...Málið hefur nú verið skoðað hér í ráðuneytinu og niðurstaðan er sú að ekki er hægt að halda áfram með rekstrarform leiguleiðarinnar fyrir þessi 33 rými þar sem leiguleiðin var tímabundin ráðstöfun sem nú er lokið. Hins vegar er það Hafnarfjarðarbæjar að sjá um rekstur þessara nýju rýma og frjálst að fela það þriðja aðila, hvort sem það er núverkandi rekstraraðili eða annar. Varðandi seinni spurninguna er það ljóst að ekki er hægt að fara aðra leið en þá sem þegar hefur verið hafin, þ.e. með aðkomu Framkvæmdasjóðs aldraðra, þar sem húsnæðið er í eigu sveitarfélagsins.“

Fullyrðing ráðuneytisins varðandi það að það sé Hafnarfjarðarbæjar að sjá um rekstur nýju rýmanna kemur verulega á óvart. Í samtölum við ráðuneytið hefur verið gengið út frá því að það sé ríkisins að semja við rekstraraðila eins og gert var vegna nýja heimilisins. Algjörlega óeðlilegt er að vera með fleiri en einn rekstraraðila að þjónustu við eldri borgara á Sólvangssvæðinu. Auk þess er bent á að í bréfi frá ráðuneytinu þar sem fjallað er um tímabundinn rekstur hjúkrunarrýma í eldra húsnæði Sólvangs og dagsett er 23.janúar 2019 segir: „...:Gert er ráð fyrir að sami rekstraraðili sjái um rekstur þessara tímabundnu rýma og þeirra 60 hjúkrunarrýma sem verða í nýja Sólvangshúsinu, sem og rekstur þeirra 33 hjúkrunarrýma sem tekin verða í notkun eftir áður nefndar endurbætur.“ Ekki er hægt að skilja þetta á annan veg en að ríki semji við rekstraraðila um rekstur nýju rýmanna á gamla Sólvangi.



HAFNARFJÖRÐUR

Næstu skref:

- Bæjarstjóri hefur óskað eftir fundi með heilbrigðisráðherra og hefur verið staðfestur fundartími þann 19.febrúar n.k.
- Krefjast þarf þess að ríkið semji við rekstraraðila um rekstur 33 nýrra rýma á gamla Sólvangi.
- Einnig verði gerðar kröfur vegna endurbóta á gamla Sólvangshúsinu. Ef ekki verði gengið að kröfum Hafnarfjarðarbæjar um 85%/15% kostnaðarskiptingu þá verði samið um leigugreiðslur til sveitarfélagsins vegna hússins. Eðlilegt er að ríkið greiði sveitarfélaginu leigu sem endurspegli útlagðan kostnað við endurbætur á húsinu en kostnaður vegna 60% endurbótanna fellur á sveitarfélagið, miðað við núverandi forsendur.

Rannveig Einarsdóttir,
Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs